

A 1766/presidiet

**Flytjandi** Flokkahópur miðjumanna  
**Afgreiðsla** Forsætisnefndin

## Þingmannatillaga um norrænan fánadag á Degi Norðurlanda 23. mars

### Tillaga

Flokkahópur miðjumanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna

að Dagur Norðurlanda 23. mars verði gerður að opinberum eða viðurkenndum fánadegi á öllum Norðurlöndunum;

að norrænu þjóðþingin dragi á stöng þjóðfána, norræna fána og norræna svansfánann á Degi Norðurlanda.

### Forsaga

23. mars er Dagur Norðurlanda þar sem haldið er upp á undirritun Helsingforssamningsins frá 1962 og norrænt samstarf.

Samkvæmt könnuninni „*Dýrmætt samstarf – viðhorf norræns almennings til Norðurlanda*“, er samstarfið í dag mikils metið meðal íbúa Norðurlandanna. Meira en 90% íbúanna telja norrænt samstarf mikilvægt og 2/3 óska eftir auknu samstarfi<sup>1</sup>. Það er til vitnis um víðtækan og sterkan stuðning við norrænt samstarf meðal íbúa Norðurlandanna.

Með hliðsjón af miklum stuðningi við norrænt samstarf leggur flokkahópur miðjumanna til að haldið verði upp á Dag Norðurlanda með því að draga á stöng þjóðfánana, norræna fána og norræna svansfánann.

Reglur um notkun fána á Norðurlöndunum eru undir stjórn innanríkisráðuneytanna og þjóðþinganna.

Flokkahópur miðjumanna leggur því til að beint verði tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um að gera Dag Norðurlanda að opinberum eða viðurkenndum fánadegi á öllum Norðurlöndunum og að tilmælum verði beint til norrænu þjóðþinganna um að draga á stöng þjóðfánana, norræna fána og norræna svansfánann.

---

<sup>1</sup> „Ett värdefullt samarbete – Den nordiska befolkningens syn på Norden“ (Dýrmætt samstarf – viðhorf norræns almennings til Norðurlanda). Norræna ráðherranefndin og Norðurlandaráð. 2017



Slíkt væri til þess fallið að styrkja hátíðarhöld vegna norræns samstarfs og um leið leggja áherslu á að samstarfið er mikils metið og mikilvægt.

Til lengri tíma litið mætti einnig hugsa sér að kanna þörfina á nýjum norrænum fána, sem hefur ekki beina tengingu við núverandi norrænar stofnanir. Dæmi um „Fána Norðurlanda“ – rauður kross á gulum grunni – er til frá 15. öld.

Akureyri, 9. apríl 2018

*Anna Kolbrún Árnadóttir (Mifl)*

*Anna-Maja Henriksson (sv)*

*Arto Pirttilahti (cent)*

*Axel Jonsson (ÅF)*

*Bertel Haarder (V)*

*Britt Lundberg (ÅC)*

*Grunde Almeland (V)*

*Heidi Greni (Sp)*

*Jenis av Rana (Mfl.)*

*Johanna Karimäki (gröna)*

*Krista Mikkonen (gröna)*

*Lars Tysklind (L)*

*Marcus Knuth (V)*

*Matti Vanhanen (cent)*

*Mikael Staffas (Lib)*

*Mikko Kärnä (cent)*

*Ólafur Ísleifsson (Flf)*

*Peter Östman (kd)*

*Rasmus Ling (MP)*

*Roland Utbult (KD)*

*Silja Dögg Gunnarsdóttir (Frfl)*

*Staffan Danielsson (C)*

*Stina Bergström (MP)*

*Torhild Bransdal (KrF)*

*Åslaug Sem-Jacobsen (Sp)*